

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1655/2001**

frá 14. ágúst 2001

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2826/2000 <sup>(2)</sup>, einkum 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 3. liðar A-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 leyfa aukningu á leyfilegu hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdíoxíðs í víni ef það er nauðsynlegt vegna veðurskilyrða.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1609/2001 <sup>(4)</sup>, er mælt fyrir um tilteknar ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, einkum að því er varðar hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs.
- 3) Í bréfi dagsettu 21. maí 2001 óskaði ríkisstjórn Þýskalands eftir heimild til að auka leyfilegt hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni, sem ákveðið hefur verið að skuli vera minna en 300 milligrömm á lítra, að hámarki um 40 milligrömm á lítra fyrir vín sem eru framleidd í Þýskalandi úr þrúgnauppskeru ársins 2000, í kjölfar einstaklega óhagstæðra veðurskilyrða. Rétt er að fallast á þessa beiðni.
- 4) Þessi tímabundna aðgerð er eini kosturinn sem stendur til boða til að tryggja að þrúgnauppskera ársins 2000 fari ekki forgörðum og að hægt sé að nota hana í vín sem eru framleidd í Þýskalandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2001.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1622/2000 til að leyfa aukningu á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdíoxíðs í vínnum framleiddum í Þýskalandi úr þrúgnauppskeru ársins 2000.

6) Stjórnarnefndin um vín hefur ekki skilað álitni innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 19. gr.:

„4. Tilvikin þar sem aðildarríki geta leyft, vegna veðurskilyrða, að hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni, sem ákveðið er að skuli vera minna en 300 milligrömm á lítra í A-þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, verði aukið að hámarki um 40 milligrömm á lítra fyrir tiltekin vín sem eru framleidd á tilteknum vínræktarsvæðum innan yfirráðasvæðis þeirra, skulu vera eins og skráð í XII. viðauka a við þessa reglugerð.“

2. XII. viðauka a, en texti hans kemur fram í viðauka við þessa reglugerð, er bæt við.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 328, 23.12.2000, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 212, 7.8.2001, bls. 9.

## VIÐAUKI

## „XII. VIÐAUKI a

**Aukning á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdíoxíðs ef það er nauðsynlegt vegna veðurskilyrða***(19. gr. þessarar reglugerðar)*

	Ár	Aðildarríki	Vínæktarsvæði	Hlutaðeigandi vín
1.	2000	Þýskaland	Öll vínæktarsvæði Þýskalands	Öll vín framleidd úr þrúgnauppskeru ársins 2000*